



HÁSKÓLI ÍSLANDS

BS ritgerð í viðskiptafræði

Endurnýjun og sparleiki endursölu
Og afhverju við þurfum á henni að halda

Francisco Snær Hugason Valencia

Leiðbeinandi: Gylfi Dalmann Aðalsteinsson Dósent í mannauðstjórnun
Júní 2023

VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD

Endurnýjun og sparleiki endursölu
Og afhverju við þurfum á henni að halda

Francisco Snær Hugason Valencia

Lokaverkefni til BS-prófs í viðskiptafræði

Leiðbeinandi: Gylfi Dalmann Aðalsteinsson

Viðskiptafræðideild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2023

Mikilvægi endurnýtingar.

Ritgerð þessi er 6 eininga lokaverkefni til BS-prófs við Viðskiptafræðideild á Félagsvísindasviði Háskóla Íslands.

© 2023 Francisco Snær Hugason Valencia

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Reykjavík, 2023

Formáli

Fyrir um það bil 5 árum var Efnisveitan stofnuð af bræðrunum Huga og Boga en hún sér um endursölu á húsgögnum og efnivið. Ég hóf störf hjá þeim bræðrum fyrir um þremur árum samhliða skóla þar sem ég er að endurnýja og endurselja notaða hluti sem fá í leiðinni nýtt líf. Þegar ég var að velta fyrir mér viðfangsefni ritgerðarinnar datt mér strax í hug að skrifa um það fyrirbæri sem Efnisveitan er og hvernig hún starfar sem og umhverfisverðan ávinning fyrir fólk og fyrirtæki í landinu við það að kaupa notað en ekki nýtt. Eitt leiddi að öðru og byrjuðu ritgerðarskrifin nokkuð snemma á skólaönninni. BS ritgerðin var skemmtileg og fróðleg í skrifum og þykir mér mjög áhugavert að skoða hvernig framtíðin verður í umhverfismálum sem og inn og útflutningsmálin á Íslandi. Við ritgerðaskrifin tók ég viðtal við eigendur Efnisveitunar og vil ég þakka þeim kærlega fyrir það, eins vil ég þakka vinkonu minni, Lenu Rut, fyrir yfirllestur.

Útdráttur

Í þessari ritgerð verður farið um víðan völl þegar kemur að endurnýtingu og endursölu á húsgögnum. Farið verður yfir áskoranir og hindranir sem og að kanna hagvinning einstaklinga og fyrirtækja af því að taka þátt í endurnýtingarhreyfingunni. Í ritgerðinni mun koma fram hvað Efnisveitan ehf. er og hvað hún stendur fyrir sem og hver saga fyrirtækisins er. Einnig verður farið yfir ávinning þess fyrir íslenska þjóð að endurnýta sem og að skoða sparleika og kostnað þess. Rýnt verður í markaðsumhverfi Íslands með tilliti til innflutnings og fjárhagslegs ávinnings. Efnisveitan verður tekin fyrir í SVÓT greiningunni þar sem skoðaðir verða styrkleikar, veikleikar, tækifæri og ógnanir. Einnig verður Efnisveitan tekin fyrir í PESTEL greiningunni þar sem farið verður í sundurliðun á Pólitískum, efnahagslegum, félagslegum, tæknilegum, umhverfislegum og lagalegum þáttum. Einnig kemur fram umræða um endurnýtingu sem og ávinning og umhverfisáhrif. Aðeins verður rýnt í framtíðina og hvað hún mun hugsanlega bjóða upp á sem og að svara rannsóknarspurningunni, „Hver er fórnarkostnaður við innflutning á nýjum húsgögnum og efnivið?“, eftir bestu getu.

Efnisyfirlit

Myndaskrá	6
Töfluskrá	6
Tafla 1. Listi yfir áætlaða eyðslu kolefnisspor við gerð stóla.....20.....	6
1 Inngangur	7
1.1 Hvers vegna þetta viðfangsefni?	7
2 Saga fyrirtækisins	8
3 Markaðsumhverfi	9
3.1 Innflutningur	10
3.2 Fjárhagslegt tillit.....	10
4 SVÓT greining	11
4.1 SVÓT greining Efnisveitunnar	11
4.1.1 Styrkleikar	11
4.1.2 Veikleikar	12
4.1.3 Tækifæri.....	12
4.1.4 Ógnanir	13
5 PESTEL greining á Efnisveitunni.....	14
5.1 Sundurliðun á PESTEL greiningu almennt	14
5.2 PESTEL sundurliðun á Efnisveitunni	15
6 Umræða um endurnýtingu.....	18
6.1 Ávinningur.....	18
6.2 Umhverfisáhrif	19
7 Framtíðin og hvernig hún getur orðið	21
8 Lokaorð.....	22
Heimildaskrá.....	24

Myndaskrá

Mynd 1. Svót Samantekt á þeim hlutum sem geta haft áhrif á Efnisveituna.....	13
Mynd 2. Ytri umhverfisþættir í PESTEL greiningunni.....	14
Mynd 3. yfirlit yfir helstu ytri þætti sem gætu haft áhrif á starfsemi Efnisveitunar.....	18

Töfluskrá

Tafla 1. Listi yfir áætlaða eyðslu kolefnisspor við gerð stóla.....	20
---	----

1 Inngangur

Endurnotkun og endursala á húsgögnum og efnivið er stefna sem hefur farið sívaxandi í Íslensku samfélagi á undanförunum árum, þar sem sífellt fleiri eru að verða meðvitaðir um umhverfislegan og fjárhagslegan ávinning af því. Allt frá efnivið og húsgögnum til raftækja og tækja, eru ótal hlutir sem hægt er að endurnýta og endurselja frekar en að farga. Þetta hjálpar ekki aðeins við það að draga úr úrgangi og mengun, heldur hjálpar þetta einnig við það að varðveita auðlindir og spara peninga.

Hér á landi hefur þróun endurnýtingar og endursölu tekið miklum framförum á undanförunum árum. Með fámennum og takmörkuðum auðlindum hafa Íslendingar lengi verið vanir að nýta það sem þeir eiga. Hins vegar hefur vaxandi vitund um umhverfislegan og fjárhagslegan ávinning af þessari nálgun ýtt undir endurnýjaðan áhuga á endurnýtingu á húsgögnum og efnivið.

1.1 Hvers vegna þetta viðfangsefni?

Ástæða þess að þetta viðfangsefni er valið var það að árið 2018 var Efnisveitan.is stofnuð. Fyrirtækið sérhæfir sig í að endurselja margvíslegan efnivið í þeim tilgangi að lágmarka sóun og endurnýta hluti, sem sparar fyrirtækjum og einstaklingum aurinn í leiðinni. Áhugasvið margra umgmenna er í þeim geira þar sem endurnýting og endursala á sér stað. Mikil umræða hefur því skapast um það að á komandi tímum muni athygli almennings og stjórnvalda beinast að þessum málaflokki í meiri mæli.

Í þessari ritgerð munu kostir endurnotkunar og endursölu á húsgögnum og hlutum vera kannaðir, kostir þess að fyrirtæki og almenningur endurnýti frekar en að kaupa nýtt. Einnig verður ávinningur einstaklinga og fyrirtækja við að taka þátt í þessari hreyfingu kannaður ásamt því hvernig Íslenskt samfélag gæti sparað sér fjármagn og bætt kolefnisspor sitt í leiðinni. Einnig verða skoðaðar nokkrar áskoranir og hindranir sem geta komið upp þegar reynt er að stuðla að endurnotkun og endursölu, ásamt því að ræða hugsanlegar lausnir til að sigrast á þessum áskorunum.

Á heildina litið er markmið þessarar ritgerðar að komast að því hvað Efnisveitan er og hvað hún stendur fyrir. Auk þess að kanna ávinning endurnýtingar fyrir íslenska þjóð og rýna aðeins í kostnað og sparleika þess að endurnýja. Viðfangsefnið er skoðað með

hliðsjón af ritrýndum heimildum og kenningum fræðimanna ásamt rannsóknum og tölfraði frá Hagstofunni. Með tilliti til umhverfis og efnahagssjónarmiða hafa eflaust margir leitt hugann að því: hver sé fórnarkostnaður við innflutning á nýjum húsgögnum og efnivið.

2 Saga fyrirtækisins

Saga Efnisveitunar er skemmtileg og fróðleg en Efnisveitan byrjaði í sjálfu sér fyrir tilviljun. Þetta ævintýri byrjaði árið 2014 þegar bræðurnir Hugi Hreiðarsson og Bogi Auðarsson fengu þá hugmynd að búa til svokallað Escape herbergi eða Escape Room í anda hins eina sanna James Bond. Escape herbergi virkar þannig að maður er læstur inn í rými og á að koma sér út með hjálp vísbendinga innan ákveðins tímaramma. Þeir bræðurnir fundu fallegan stað í miðbæ Reykjavíkur, á Vesturgötunni, og hófust handa við að smíða og hanna þetta ráðgátuherbergi. Bræðurnir voru við smíða- og hönnunarvinnu í hátt í þrjú ár og fundu þá að það væri lengra í land en þeir gerðu ráð fyrir. Auk þess sáu þeir fram á að verkefnið kostaði meiri vinnu og fjármagn. Þegar þeir voru einn daginn að keyra í átt að miðbæ Reykjavíkur, á leið að kjallaranum til þess að smíða og hanna, tóku þeir eftir byggingasvæði við Austurvöll. Við byggingasvæðið sáu þeir heilan helling af flottum innréttingum og efnivið sem stóð til að henda.

Þar fengu þeir þá flugu í hausinn að athuga hver sæi um þennan efnivið og hvort þeir mættu koma efniviðnum í verð til að fjármagna ráðgátuævintýrið sitt. Í ljós kom að minna mál væri fyrir þá að miðla efnivið og hlutunum í þessu tiltekna húsnæði enn þeir gerðu ráð fyrir í fyrstu. Í ljós kom að mikið af fólki vantaði tiltekinn efnivið og verkefnið gekk vonum frammar. Í framhaldinu af þeirri velgengni sem fyrsta endurnýtingarverkefnið var, fengu þeir símtöl frá fyrirtækjum og stofnunum sem áttu í erfiðleikum með að ráðstafa húsgögnum og efnivið hjá sér og koll af kolli byrjuðu verkefnið að hrannast inn. Eftir miklar vangaveltur ákváðu þeir bræður að stofna lítið fyrirtæki í kringum þetta endurnýtingardót sem bar nafnið Efnisveitan og hefur velgengni þess sannarlega sýnst sig.

Í dag eru sex starfsmenn sem vinna hjá Efnisveitunni og fyrirtækið er með vöruhúsnæði í Skeifunni sem spannar um 700 fm. Efnisveitan hefur náð að endurnýta fyrir

mörg ólík fyrirtæki mjög ólíkan efnivið. Sem dæmi voru seld sjö stkykki af einingarhúsum fyrir leikskóla árið 2022 sem voru endurnýtt sem heilsárshús og einnig voru seld grindverk frá Vegagerðinni til fólks sem vantaði grindverk. Þessi dæmi sýna það hversu fjölbreytt úrval á vöru Efnisveitan hefur verið að selja og er það markmið Efnisveitunnar: að ekkert verkefni er of krefjandi né of stórt til að taka það að sér.

3 Markaðsumhverfi

Hinn almenni Íslendingur hugsar e.t.v. ekki oft um það hvernig viðskiptajöfnuður milli inn- og útflutnings sé ár hvert eða mánaðarlega og hvort það breyti einhverju að það sé einhver halli á honum. Sem betur fer er til fólk sem hugsar um það vegna þess að það er uppistaða velgengni og samkeppnishæfni Íslands við aðrar þjóðir. Vöruskipti milli inn- og útflutnings á Íslandi í Janúar 2023 voru óhagstæð eða um 15 milljarðar og var viðskiptajöfnuður óhagstæður um það bil 320 milljarða síðasta ár (Hagstofa Íslands, 2023). Í Janúarmánuði 2023 voru hrá og rekstrarvara 19% hlutfall af öllum innflutningi og hefur hlutfallið hækkað um 18% milli ársins 2022 til 2023 en að mati höfundar væri hægt að minnka þann halla sem nú hefur staðið yfir í mörg ár (Hagstofa Íslands, 2023).

Til að draga úr viðskiptahalla og skapa sjálfbærara hagkerfi með endurnýtingu að leiðarljósi gætu Íslendingar kannað leiðir til að útvega hráefni og rekstrarvöru. Möguleg lausn gæti til dæmis verið að forgangsraða endurnýjun og endurnýtingu núverandi efna og vara, frekar en að flytja inn nýtt. Með því að fjárfesta í endurnýtingu innviða gæti Ísland skapað störf og örvað hagvöxt og jafnframt dregið úr umhverfisáhrifum neysluvenja. Með þessu væri Ísland að draga úr eftirspurn eftir nýjum innflutningi með því að stuðla að endurnotkun og endursölu á vörum og efnivið sem myndi bæta viðskiptahalla Íslands (FIRA, 2011). Þegar uppi er staðið er hægt að sjá að það hafi verið markaður fyrir fyrirtæki eins og Efnisveituna vegna þess hve mikil eftirspurn hefur verið eftir notuðum efnivið. Hér að neðan verður rýnt í hagkvæmni innflutnings, eins verður farið yfir kosti og galla sem og fjárhagslegt tillit.

3.1 Innflutningur

Innflutningur á aðföngum, eins og húsgögnum, til Íslands er til að mynda oft óhagstæður af ýmsum ástæðum frá bæði umhverfis- og fjárhagslegum sjónarmiðum. Frá umhverfissjónarmiðum á innflutningur á vörum sem kemur með flugi eða sjó stóran þátt í losun gróðurhúsalofttegunda. Langar vegalengdir og krefjandi veðurskilyrði á Íslandi auka einnig kostnað við flutninga og þeirri kolefnislosun sem þeim fylgir. Framleiðsluferli margra innfluttra vara, einkum húsgagna, getur falið í sér notkun skaðlegra efna sem geta haft neikvæð áhrif á náttúruna (FIRA, 2011). Förgun þessara vara er einnig áskorun þar sem oft getur reynst erfitt að endurvinnna þann efnivið eða farga þeim á umhverfisvænan þátt.

3.2 Fjárhagslegt tillit

Í fjárhagslegu tilliti getur innflutningur á vörum til Íslands verið fremur óhægstaður vegna þess hve landið hefur lítinn heimamarkað sem gerir það dýrara að framleiða vörur hér heima en að flytja inn (Gylfi Zöega, 2016). Ef líta á betur á fjárhagslegt tillit til innflutnings á vörum má athuga gjaldmiðilinn sem við Íslendingar erum háð, krónuna. Krónan hefur verið háð töluverðum verðsveiflum í gegnum árin og gera má ráð fyrir því að margir líta á hana sem veikan og ótraustan gjaldmiðil (Hallgerður, 2023). Gjaldmiðillinn hefur verið umtalaður í fjölmiðlum fyrri hluta ársins 2023 vegna verðbólgu og vaxtahækkana og margir sem hafa efast um traust hans vegna þess.

Ein ástæða þess að sveiflur og ótraust eru ríkjandi í íslensku hagkerfi og gjaldmiðli er það að Ísland er fremur lítið land. Það hefur lítið og opið hagkerfi sem gerir það viðkvæmt fyrir ytri áföllum og sveiflum í heimshagkerfinu. Að auki hefur Ísland verið með mikla verðbólgu sem rýrt hefur verðmæti gjaldmiðilsins undanfarin misseri. Gjaldeyrisforði Íslands er fremur lítill í Evrópusamstæðunni vegna þess hve fáir íbúar eru og getur það gerst á krefjandi tímum að erfitt getur reynst að verja virði gjaldmiðilsins (Hallgerður, 2023).

4 SVÓT greining

Svót greining er rótgróid og gott tól sem getur reynst mikilvægt til að greina markaðsstæðu fyrirtækja hvort sem þau eru stór eða smá. SVÓT greining hjálpar til við að bera kennsl á innri og ytri þætti sem geta haft áhrif á fyrirtæki. SVÓT greining er skammstöfun fyrir styrkleika, veikleika, ógnir og tækifæri (Kotler, 2016). Styrkleikar og veikleikar vísa til innri þátta stofnunarinnar, svo sem getu, auðlinda og takmarkana. Tækifæri og ógnir eru aftur á móti utanaðkomandi þættir sem fyrirtæki hafa ekki beina stjórn á svo sem samkeppni, reglugerðir eða breytingar á markaðsaðstæðum (Kotler, 2016).

Til að framkvæma SVÓT greininguna voru upplýsingum og gögnum um Efnisveitunna safnað, tekin voru viðtöl við báða forstjóranna og þau afrituð. SVÓT greiningunni var skipt á þann hátt að lykilorðir hvers liðs fyrir sig voru greindir. Í styrkleikaliðnum kom fram orðspor fyrirtækisins, hæft starfsfólk, og vinnuandinn. Í veikleikaliðnum kom fram óhagkvæmni einstakra verkefna, skipulagsleysi og samskiptaleysi í sumum tilvikum. Í tækifærisliðnum voru tekin fyrir tækifæri á neytendamarkaði, sparnaðaraðgerðir og framtíðarhagkvæmni. Að lokum í Ógnarliðnum voru teknar fyrir hugsanlegar ógnir í garð fyrirtækisins eins og áhættu á velgengni fyrirtækisins og samkeppnisaðila eða efnahagssamdrátt.

4.1 SVÓT greining Efnisveitunnar

4.1.1 Styrkleikar

Styrkleikar efnisveitunar eru margir, Efnisveitan er búinn að mynda sér gott tengslanet við viðskiptavinum og samstarfsaðila eins og til dæmis við Ríkiskaup og Sölu og flestar íslenskar bankastofnanir. Efnisveitan hefur veitt þessum fyrirtækjum góða þjónustu þegar kemur að endursölu á hlutum sem samstarfsaðilar hafa þurft að losa sig við og er Efnisveitan leiðandi á þeim endursöluarkaði. Viðskiptavinir hafa aukist til muna síðustu ár hjá fyrirtækinu og gæti skýringin verið sú að Efnisveitan er með einhverja kosti sem fólk og fyrirtæki kunna að meta. Það sem hefur styrkt Efnisveituna er fjölbreytt vöruúrval en Efnisveitan hefur selt allt frá kössum af kaffibaunum upp í byggingarkrana og er ekkert of lítið né of stórt að því sem Efnisveitan tekur að sér. Styrkleikar Efnisveitunnar eru sterk og góð tengsl við samstarfsaðila og viðskiptavinum. Fyrirtækið hefur á þessum 5 starfræktu

árum stöðugt verið með gott og mikið framboð af góðum húsgögnum og efnivið. Efnisveitan hefur einnig boðið upp á einstakar vörur sem ekki hafa verið til annarstaðar, má þá nefna brekkarekka sem er sérsmíðaður fyrir geymslu á Boeing 757 dekkjum eða sérsmíðaða matarinnpökkunarvél fyrir hnetur meðal annars.

4.1.2 Veikleikar


Með hröðum vexti lítils fyrirtækis geta komið upp alls kyns áskoranir sem þarf að takast á við. Veikleikarnir snúa nokkrir að daglegum rekstri og skipulagi þó svo að starfsmenn Efnisveitunnar reyni auðvitað sitt besta þegar kemur að því að leysa úr slíkum vandamálum. Það sem hægt er að bæta er innra skipulag. Efnisveitan hefur tekið að sér verkefni sem ekki eru nógu hagkvæm og hefur markmið Efnisveitunar seinasta árið verið að gera daglega rekstur sem skipulagðastan. Skipulagður daglegur rekstur á að skila sér bæði í heildarrekstri og tímasparnaði. Í Apríl 2023 hafði fyrirtækið fjóra starfsmenn á gólfi og tvo starfsmenn á bak við tjöldin, í tölvum. Það sem skipuleggja má betur eru samskipti milli þessa tveggja hópa sem annarsvegar vinna í tölvunni og þeirra sem vinna á gólfi. Ef samskipti á borð við verkefnagjöf verða betri getur til að mynda tímasparnaður myndast hjá báðum hópum. Þetta er einn af þeim þáttum sem Efnisveitan verður að takast á við til að sigrast á veikleikum sínum.

4.1.3 Tækifæri

Til að skoða tækifæri Efnisveitunar er hægt að rifja upp söguna um upphaf Efnisveitunnar. Hún varð til vegna þess að stofnendur hennar fengu galna hugmynd sem sló síðan í gegn. Eftir stofnun Efnisveitunnar hefur eftirspurn eftir notuðum sjálfbærum vörum og efnivið stóraukist. Eftirspurnin veitir fyrirtækinu til að mynda tækifæri til þess stækka viðskiptavinahóp sinn og laða að umhverfisvæna neytendur. Efnisveitan getur boðið upp á lægra verð en fyrir finnst á húsgagnamarkaði á Íslandi en hún getur það vegna samstarfsaðila, þjónustu og vefsíðu. Annað tækifæri sem Efnisveitan gæti gripið er að auka gæði í netsölu á vefsíðun sinni og gera hana notendavænni og skilvirkari. Slíkar umbætur geta náð til breiðari markhóps og aukið sölu í leiðinni. Efnisveitan getur einnig merkt sig betur með skiltum og bílmerkingum, en það er góð auglýsing og myndi auka sýnileika fyrirtækisins.

4.1.4 Ógnir


Ógnir sem Efnisveitan stendur frammi fyrir eru nokkrar en samkeppni frá öðrum seljendum notaðra húsgagna og efna gæti leitt til lækkunar á markaðshlutdeild og sölu hjá fyrirtækinu. Stór ógn Efnisveitunar gæti verið að takmarkað framboð er á góðri gæðavöru. Annað dæmið gæti verið ef Efnisveitan myndi missa samstarfsaðila sem gæti þá leitt til þess að eftirspurn minnkaði með tímanum. Einnig er vert að skoða það hvort breytingar verði á neytendahegðun með tímanum og hvort neytendur kysu frekar að kaupa í auknum mæli ný húsgögn og efnivið í stað þess að kaupa endurnýttan efnivið. Slíkt myndi leiða til lækkunar í sölu og færri viðskiptavina. Önnur ógn gæti verið ef efnahagslægd myndi skella á gæti mikill samdráttur orðið í sölu og arðsemi fyrirtækisins vegna þess að neytendur hefðu minni ráðstöfunartekjur. Með þessum ógnun getur Efnisveitan tekið það til stefnu að gera sitt besta á góðum sem og krefjandi tímum til að tryggja langtíma árangur og byggja upp sterkt orðspor.



Mynd 1: Svót Samantekt á þeim hlutum sem geta haft áhrif á Efnisveituna

5 PESTEL greining á Efnisveitunni

Í þessum kafla verður PESTEL greiningu beitt á Efnisveituna en ástæða þess að nota þessa greiningaraðferð er að meta utanaðkomandi þætti sem geta haft áhrif á fyrirtæki eða stofnanir. PESTEL stendur fyrir Pólítíska, efnahagslega, félagslega, tæknilega, umhverfislega og lagalega þætti (Whittington o.fl, 2020, bls. 36). Hver þáttur táknar mismunandi ytri áhrif sem geta haft áhrif á rekstur, árangur eða sjálfbærni fyrirtækja.



Mynd 2: Ytri þættir sem hafa áhrif á fyrirtækið

5.1 Sundurliðun á PESTEL greiningu almennt

Sundurliðun á PESTEL kemur fyrir hér en **Pólítískir þættir** geta vísað til áhrifastefnu stjórnvalda eins og með reglugerðum sem bitna á fyrirtækjum. Til dæmis skatta, viðskiptastefnu, vinnulöggjöf eða pólítískan óstöðugleika.

Efniahagslegir þættir geta haft áhrif á fyrirtæki svo sem ef það kemur mikil verðbólga og gengið fellur og vextir hækka (Whittington o.fl, 2020, bls. 37).

Félagslegir þættir geta haft áhrif á fyrirtæki eins og ef félagsleg þróun á sér stað eins og breytingar á neytendahegðun eða nýjum viðmiðum til heilsu lífstíls eða menntunarvali til dæmis.

Tæknilegir þættir sem geta haft veruleg áhrif á fyrirtæki eru til dæmis nýjungar í tækni eins og sjálfvirkni, stafrænavæðing og eða áhrif samfélagsmiðla og internetsins.

umhverfispættir sem geta haft áhrif á fyrirtæki eru til dæmis loftslagsbreytingar, auðlindaskortur eða mengunarvarnir (FIRA, 2011).

Lagalegir þættir benda til dæmis til áhrifa breyttrar löggjafar eða reglna á hendur fyrirtækja eins og með vinnulöggjöf, öryggislöggjöf eða heilbrigðislöggjöf (Whittington o.fl, 2020, bls. 49). Þar sem PESTEL greiningin er svona áhrifamikil verður hér í framhaldinu PESTEL greining á Efnisveitunni. Í sundurliðuninni hér að ofan er PESTEL greiningin almennt tekin fyrir en ekki á sérstakt fyrirtæki.

5.2 PESTEL sundurliðun á Efnisveitunni

Pólitískir þættir: Efnisveitan þarf að vera meðvituð um reglur og lög sem gilda um sölu og endursölu og tryggja það að uppfylla þau til að forðast lagaleg vandamál. Einnig þarf Efnisveitan að huga að skattastefnu sem getur haft áhrif á arðsemi fyrirtækisins. Skattastefnur sem gætu haft áhrif á Efnisveituna eru sem dæmi söluskattur og virðisaukaskattur. Breytingar á skattastefnu gætu haft áhrif á getu fyrirtækisins til að bjóða upp á samkeppnishæft verð og haft áhrif á eftirspurn neytenda eftir vörunum.

Efnahagslegir þættir: Þau efnahagsáhrif sem Efnisveitan gæti fundið fyrir er almennt ástand hagkerfisins og áhrif þess á neysluútgjöld fyrirtækja og einstaklinga (Gylfi Zöega, 2016). Þegar lítið er á heildarástand hagkerfisins svo sem hagvöxt eða atvinnuleysi, gætu þessir tveir þættir haft veruleg áhrif á útgjöld vegna ónauðsynlegra hluta eins og til dæmis massívt hátalarakerfi sem Efnisveitan hefur verið að selja. Aðrir efnahagsþættir sem gætu haft áhrif á Efnisveituna eru verðbólga og vextir en það getur haft áhrif á kostnað seldra vara og arðsemi fyrirtækisins. Hærri vextir og verðbólga þýða hærri kostnaður á hvern starfsmann og peningarárnun sem getur leitt til herra verðs fyrir viðskiptavininn (Whittington o.fl, 2020, bls. 40). Efnisveitan getur orðið fyrir áhrifum af hagsveiflum svo sem með upp- eða niðursveiflum á erfiðum tímum eins og til dæmis í Covid 19 faraldrinum.

Félagslegir þættir: Ef hugsa á til félagslegra þátta á áhrifum sem Efnisveitan getur fundið fyrir er nauðsynlegt að horfa á þróun neytendahegðunar viðskiptavina í átt að vistvænum og sjálfbærum vörum. Efnisveitan hefur haft það að markmiði að endurnýja og endurselja hluti til að sporna gegn sóun samfélagsins og nýta sem best það sem jörðin býr yfir. Til að halda Efnisveitunni á tánum þarf fyrirtækið að aðlaga vöruframboð sitt að eftirspurninni með vistvænum og endingagóðum vörum. Í félagslega þættinum þarf

fyrirtækið að vera meðvitað um breytingar í samfélaginu til að aðlaga markaðs- og vörustefnu sína til þess að vera samkeppnishæf. Sem dæmi ef það er stórfyrirtæki úti á landi sem er að flytja og þarf söluráðgjöf á innibúi sýnu getur Efnisveitan komið því til bjargar. Annar félagslegur þáttur er það menningarlega viðhorf að kaupa notað en ekki nýtt, en fólk og fyrirtæki eru ólík og mismunandi og gæti sumum fundist það óæskilegt eða bannað að kaupa notaða hluti (Whittington o.fl, 2020, bls. 41). Efnisveitan verður að sporna gegn þeim neikvæða hugsunarhætti sem getur skapast á sölu notaðra hluta með því að passa það að selja alltaf hluti sem eru í lagi og virka.

Tæknilegir þættir: Efnisveitan er háð mörgum ytri tæknilegum þáttum sem geta haft áhrif á sölu, rekstur og arðsemi fyrirtækisins. Þeir þættir sem geta haft áhrif á Efnisveituna eru vöxtur og breyting erlendra söluforrita sem Efnisveitan auglýsir og notast við eins og til dæmis Facebook eða Google Ads. Efnisveitan stólar á erlent stórfyrirtæki sem sér um vefsíðugerð fyrir sig. Ef umrætt stórfyrirtæki verður fyrir efnahagsáhrifum erlendis getur það leitt til þess að vefsíða Efnisveitunnar lokist. Lokun vefsíðunnar yrði mikið tekjutap fyrir Efnisveituna vegna þess að megnið af viðskiptavinum hennar sjá vörur í gegnum vefsíðuna. Önnur utanaðkomandi tæknileg áhrif eru þau að Efnisveitan notar samfélagsmiðlaforritið Facebook mikið. Undir furðulegum kringumstæðum myndi stórfyrirtækið Facebook hugsanlega einn daginn ákveða það að banna fyrirtækinu að auglýsa eða banna því að upphala statusum í gegnum forritið. Það myndi leiða til mikils tekju- og viðskiptavinataps hjá fyrirtækinu en það stólar mikið á mátt Facebook til að vera sýnilegt. Tækniframfarir geta haft veruleg áhrif á Efnisveituna og verður hún að fylgjast vel með gangi mála í tækninýjungum og hagkvæmnisþróun.

Umhverfisþættir: Efnisveitan þarf að vera meðvituð um kolefinsfótspot sitt og gera ráðstafanir til að draga úr áhrifum þess á umhverfið. Efnisveitan horfir mikið á umhverfisáhrifin og ávinning þess að endurnýja (Whittington o.fl, 2020, bls. 46). Umhverfismál sem Efnisveitan verður að hugsa um eru til að mynda reglur um förgun efniviðs og húsgagna, en Efnisveitan hendir varla neinu. Einn umhverfisliður sem getur haft veruleg áhrif á starfsemi Efnisveitunar er það ef til dæmis orkukostnaður og framleiðslukostnaður hækkaði mikið. Ef orku- og framleiðslukostnaður eykst geta fyrirtæki sem selja ný húsgögn þurft að hækka verðið vegna dýrari innkaupa, slíkt gæti haft jákvæð áhrif á fyrirtæki sem selja notuð húsgögn á litlum markaði. Annar

utanaðkomandi umhverfisþáttur er sjálfbærni en það er vaxandi áhyggjuefni meðal neytenda og fyrirtæki sem vilja vera sjálfbærari í rekstri sínum (Whittington o.fl, 2020, bls. 46). Neytendur eru í auknum mæli að leita að vistvænum vörum og getur Efnisveitan svarað þeirri eftirspurn með vörum sínum. Eins verður Efnisveitan að huga að meiri sjálfbærni þó svo hún sé þegar sjálfbær til þess að missa ekki viðskiptavinum. Ef Efnisveitan fylgir öllu þessu eftir ætti hún að geta bætt rekstur sinn, aukið orðspor sitt og verið samkeppnishæfari.

Lagalegir þættir: Lagalegir þættir geta gengt mikilvægu hlutverki í sölu á húsgögnum og efnivið en Efnisveitan verður að vera á tánum þegar kemur að reglum um vinnulöggjöf og heilbrigðislöggjöf (Whittington o.fl, 2020, bls. 49). Efnisveitan þarf einnig að hafa breytingar á umhverfisreglum á hreinu til dæmis við förgun húsgagna. Einnig er mikilvægur partur af starfsemi Efnisveitunar vöruábyrgð en hún ábyrgist það ef eitthvað er bilað eða skemmt. Efnisveitan verður því að vera með breytingar á þeirri stefnu á tæru til að brjóta ekki nein lög. Hér að neðan er hægt að sjá þá ytri þætti sem geta haft áhrif á fyrirtækið.

P E S T E L	Pólitískt umhverfi: Efnisveitan þarf að forðast lagaleg vandamál, þarf að fylgjast með pólitískum stefnum, skattastefnu til þess að vera samkeppnishæf
	Efnahagslegt umhverfi: Efnahagsáhrif sem Efnisveitan gæti fundið fyrir er mismunandi ástand hagkerfisins, áhrif á neysluútgjöld fyrirtækja og einstaklinga sem og vextisbreytingar og verðbólguveiflur.
	Samfélagslegt umhverfi: Efnisveitan verður að horfa til neytendahegðunar Viðskiptavinar, sem og að mæta eftirspurn fyrir vistvænum og endingargóðum vörum. Einnig þarf Efnisveitan að vera meðvitað um breytingar í samfélaginu og aðlaga sig að þeim.
	Tæknilegt umhverfi: Efnisveitan er háð mikið af erlendum fyrirtækjum sem sjá um vefsíðu Efnisveitunar sem og hluta af auglýsingamarkaðnum. Efnisveitan verður að vera vart við breytingar á erlendum stefnum stórfyrirtækja til þess að fylgjast með og meta stöðu mála.
	Umhverfisþættir: Efnisveitan þarf að vera meðvitað um kolefnisfót sitt sem og huga að reglugerðir um förgun efniviðs húsgagna, einnig verður Efnisveitan að huga að sjálfbærni og fylgja því markmiði að vera umhverfisvænt í rekstri sínum.
	Lagalegt umhverfi: Efnisveitan verður að hafa umhverfis, vinnu og heilbrigðislöggjöf á hreinu og breytingar þess til þess að brjóta ekki nein lög við almenna starfsemi.

Mynd 3: yfirlit yfir helstu ytri þætti sem gætu haft áhrif á starfsemi Efnisveitunar

6 Umræða um endurnýtingu

Endurnotkun og endursala á notuðum hlutum er venja sem hefur marga kosti fyrir bæði einstaklinga og umhverfið. Einn helsti ávinningurinn er að draga úr úrgangi og mengun. Talið er að meðal manneskjan hendi um 0,74 kg af rusli á dag og myndi það að endurnýta og selja notaða hluti draga verulega úr því. Með því að halda húsgögnum og hlutum frá urðunarstöðum eins og Sorpu myndi það eitt minnka magn úrgangs sem myndast og draga úr mengun sem stafar af förgun þess (World Bank Group, 2018). Ísland hefur orðið leiðandi á heimsvísu í loftlags- og umhverfismálum vegna marga samspilandi þátta. Einn helsti kostur Íslands er að mikill jarðhiti gefur landinu endurnýjanlega orku en tæplega 99% af raforku Íslands kemur frá endurnýjanlegum orkugjöfum (Heimsmarkmiðin, 2018). Þetta hefur gert Íslandi kleift að draga úr nokkun jarðefnaeldsneytis og þar af leiðandi minnka kolefnisfótspot sitt verulega. Ísland hefur innleitt framsækna stefnu til að takast á við loftlagsbreytingar en landið setti sér það metnaðarfulla markmið að draga úr losun gróðurhúsaáhrifa með það að leiðarljósi að verða kolefnishlutlaust árið 2040 (Loftlagsmál, nr. 711, 2021). Skuldbinding Íslands til endurnýjanlegar orku og framsækin loftlagsstefna mun setja stöðu Íslands framarlega þar sem heimurinn heldur áfram að glíma við þær áskoranir sem mengun og urðunarvandamál kunna að valda.

6.1 Ávinningur

Ávinningur af endurnýtingu og endursölu húsgagna og efnivið er að miklu leiti varðveisla auðlinda. Þegar við kaupum nýja hluti erum við að nota upp verðmætar auðlindir eins og vatn, rafmagn og hráefni sem allt kostar pening og orku að búa til (FIRA, 2011). Hins vegar þegar við endurseljum og endurnýjum notaða hluti erum við ekki aðeins að varðveita þessar auðlindir, heldur einnig að draga úr þörfinni fyrir nýjar auðlindir sem ekki er þörf á. Ef þessi jákvæða þróun á sér stað myndi það draga úr umhverfisáhrifum framleiðslu og hægja á eyðingu náttúruauðlinda. Einnig skapast efnahagsleg tækifæri fyrir smærri fyrirtæki eins og Efnisveituna en sá markaður skapar störf og hjálpar til við að halda peningum í umferð í hringlaga hagkerfi sem svo stuðlar að betri efnahagsþróun. Þegar viðskipti eiga sér stað í hringlaga hagkerfi er vörum og eignum haldið í nokkun eins lengi og hægt er og sóun takmörkuð. Með því að stuðla að endursölu og endurnokkun húsganga

og efniviðs getur Ísland stuðlað að hringrásarhagkerfi sem dregur úr sóun og eykur auðlindarnýtingu (Bruyninckx, 2017).

6.2 Umhverfisáhrif

Húsgagnaiðnaðurinn er einn af þeim vettvöngum sem hefur mestu umhverfislegu áhrifin á heiminn. Stórframleiðendur húsgagna eru ábyrgir fyrir u.þ.b. 30% af losun gróðurhúsalofttegunda og óendurnýjanlegri orkunotkun og 15% af frumorkunotkun (Endrit hoxha & Thomas Jusselme, 2017). Framleiðsla eins skrifborðsstóls myndi kosta jörðina um 72 kg CO₂ í kolefnisfótspor og framleiðsla borðstofustóls myndar um 36 kg í co₂ kolefnisfótspor (FIRA, 2011).

Tafla 1: listi yfir áætlaða eyðslu kolefnisspor við gerð stóla (FIRA, 2011)

Item	Number of products	Number of manufacturers	Estimated average carbon footprint (kgCO ₂ e)
Task chair	13	6	72
Visitor chair	3	3	36

Taflan hér að ofan sýnir þær vörur sem voru prófaðar og fjölda framleiðslufyrirtækja sem tóku þátt í könnuninni. FIRA (Furniture Industry Research Association) reiknaði síðan meðaltal af kolefnisfótspori fyrirtækjana í heild sinni. Þessar tölur frá FIRA international eru gígatískar og eru ástæðurnar nokkrar.

Í fataiðnaðinum eru margir staðlar sem stuðst er við eins og til dæmis merkjafatnaður, klassískur fatnaður og hraðtískufatnaður. Hraðtískufatnaður (FastFashion) er hugtak sem notað er til að lýsa einu af viðskiptamódelum fataiðnaðarins (Zaniab Mahmood, 2022). Hraðtískufatnaður virkar á þann hátt að stórfyrirtæki á borð við H&M og Zara endurtaka og herma eftir hátískuhönnun á borð við Gucci til dæmis. Merki og fjöldaframleiðsla fatnaðar á lágu verði með litlum kostnaði í lélegum gæðum á meðan eftirspurn er sem mest. Þegar tískan breytist fer í gang sama hringrás hraðtískufyrirtækjana með sama

óumhverfisvæna kolefnisfótsporið. Það sem hefur verið að gerast í þeim geira er að hraðtískufatnaðurinn er að taka yfir alla markaðshlutdeild á fatakaupum (Zaniab Mahmood, 2022) og er það sama er að gerast í húsgagnaiðnaðinum.

Stórframleiðendurnir í húsgagnaiðnaðinum hafa verið að herma eftir þeirri tækni og hugmyndafræði sem fataframleiðendurnir eru að nota með því að búa til mikið af nýjum húsgögnum og tækjum sem framleidd eru fyrir lítinn pening og eru gæðin í lágmarki til að hámarka aflgetu fyrir sem minnstan kostnað. Það sem þessu fylgir er offramleiðsla og ofneysla á húsgagnakaupum sem leiðir til gríðarlegrar mengunar og vaxtar á urðunarstöðum um allan heim (George Wicher, 2022).

Mörg frábær fyrirtæki selja mikið af húsgögnum og er líklegast eitt fyrirtæki sem slær við þeim öllum og er það IKEA. Að mörgu leyti er IKEA ein sniðugasta og hagstæðasta húsgagnaverslunin á Íslandi og líklegast í heiminum. IKEA hefur sparað landsmönnum margan aurinn þegar kemur að húsgögnum, innréttingum og eldhúshöldum. Hins vegar hefur verið nokkur gagnrýni í samfélaginu um framleiðslu IKEA á húsgögnum sínum og er viðskiptamódel þeirra hannað þannig að viðskiptavinurinn vill skipta um húsgögn á nokkura ára fresti (Wow Web magazine, 2022). Slík viðskiptamódel stuðla að neyslumeningu sem leiðir til uppsöfnunar á úrgagni og rusli á urðunarstöðum. Þegar ekki er lengur þörf á húsgögnunum eða þau bila er þeim yfirleitt hent. IKEA hefur lagt sig fram við að takast á þetta vandamál með því að bjóða upp á endurheimtarprógram og kynna vörur úr endurunnum efnum. Hins vegar stuðlar fyrirtækið enn að neyslumeningu. Þó að IKEA hefur lagt sig fram við að takast á við umhverfisáhrif sín og stuðla að bættum sjálfbærum starfsháttum, hefur viðskiptamódel þess og vörur enn neikvæð áhrif á umhverfið og endurnýjun (Wow Web magazine, 2022). Neytendur ættu að vera meðvitaðir um þessi atriði þegar þeir taka kaupákvæðanir og íhuga valkosti eins og Efnisveituna sem setur sjálfbærni og endurnýtingu í forgang. Mjög sjaldan fær Efnisveitan til sín IKEA húsgögn til endursölu vegna þess að í flestum tilvikum eru húsgögnin ónýt eftir nokkurra ára notkun hjá vinnustað. Ástæðan er sú að mikið af hráefnunum sem IKEA notar er bara notað til að duga í sem fæst ár svo neytandi kaupir sér nýtt á nokkura ára fresti (Wow Web magazine, 2022).

Auk umhverfisáhrifa er einnig fjárhagslegur ávinningur af endurnotkun og endursölu. Með því að kaupa notaða hluti geta einstaklingar og fyrirtæki sparað peninga við innkaup

sín í stað þess að kaupa eitthvað nýtt. Með því að láta endurselja notaða hluti geta einstaklingar og fyrirtæki unnið sér inn peninga. Efnisveitan eru sérhæfðir í sölu notaðra hluta með það að markmiði að hámarka virði hlutarins og geta endurnýtt í þágu samfélagsins.

Þrátt fyrir marga kosti endurnýtingar og endursölu eru einnig nokkrar áskoranir og hindranir sem geta komið upp þegar reynt er að kynna þessar aðferðir. Ein helsta áskorunin er sú hugsun að notaðir hlutir séu af lægri gæðum en þeir nýju. Margir hafa verið hikandi við kaup notaðra hluta, þar sem hugsunin er mögulega sú að hlutir endist ekki eins lengi eða séu ekki eins áreiðanlegir og nýjir hlutir. Það er þó ekki alltaf raunin þar sem fyrirtæki á borð við Efnisveituna vottar að sá hlutur sem er keyptur er í lagi og býður ávalt endurgreiðslu ef svo er ekki.

7 Framtíðin og hvernig hún getur orðið

Þar sem þróun endurnýtingar og endursölu mun áfram öðlast skriðþunga er líklegt að við á Íslandi munum sjá enn meiri áherslu á mikilvægi þess að endurnýja og spara. En til að hugsa sér hvernig maður sjálfur sér framtíðina verður í þessum geira þarf maður að taka tillit til núverandi markaðspróunnar, neytendahegðunar og stefnu stjórnvalda sem dæmi.

Markaðurinn fyrir notuð húsgögn á Íslandi hefur farið sívaxandi í gegnum árin og líklegt er að sú þróun haldi áfram. Margir kjósa nú frekar að kaupa notað og gæti það verið vegna þess að þjóðin er nú meðvitaðri um sjálfbærni og umhverfið heldur en áður. Sú þróun sem gæti mótað framtíð fyrir notuð húsgögn á Íslandi er uppgangur netverslana. Eftir að COVID-19 faraldurinn geysaði hraðaði á vexti netverslana. Efnisveitan sér um heimasíðu þar sem notuð húsgögn eru til sölu og hefur orðið mikill vöxtur frá því að síðan opnaði. Mikill umgangur er um síðuna frá fólki sem býr út á landi meðal annars en þá er vörunum komið frá síðunni beint til kaupanda.

Annar þáttur sem er umræddur og gæti haft mikil áhrif á því hvernig framtíðin mun þróast er neytendahegðun. Hegðun neytenda er sífellt að breytast og eru neytendur að horfa meira og meira til umhverfissjónarmiða (The World Bank, 2018). Ísland hefur verið á framlínu við það að takast á við loftlagsbreytingar og hefur sett sér það markmið að vera

kolefnishlutlaust fyrir árið 2040 (Loftlagsmál, nr. 711, 2021). Þessi áhersla á sjálfbærni mun að öllum líkindum hafa mikil áhrif á það hvernig fólk neytir vöru og þjónustu og mun því verða sífellt kröfuharðara í verslanarvali sínu.

Það kemur kannski engum á óvart að skrifað verði um það að tæknin muni hafa veruleg áhrif á hegðun neytenda á Íslandi á komandi tímum en Ísland er mjög framalega þegar kemur að tækniframförum og rafrænum viðskiptum. Hins vegar getur verið að hraði tæknibreytinga muni aukast til muna næstu árin sem leiðir til nýrra leiða þegar kemur að vöruviðskiptum. Ein þróun sem hefur verið mikið í umræðunni seinustu mánuði er þróun gervigreindar og að hún muni hafa veruleg áhrif á því hvernig við njótum okkar daglega lífs (Mike O’Sullivan, 2023). Eitt af því sem líklega gerist varðandi gervigreindina er að hún muni sjálfvirkja störf, bæta skilvirkni og framleiðni atvinnugreina og auka öryggi almennings. Áhyggjur af siðferðislegum afleiðingum gervigreindar í persónuverndarmálum og hlutdrægni í starfi hefur verið í umræðunni seinustu misseri (Mike O’Sullivan, 2023). Eins hefur verið í umræðunni að koma muni lög og reglur sem tryggja það að gervigreindin verði notuð á ábyrgan og gagnsæjan hátt til að tryggja það að gervigreindin gagnist samfélaginu í heild en fari sér ekki að voða (O’Sullivan, 2023).

Það má áætla að framtíð neytendahegðunar á Íslandi muni líklega mótast af samblandi af umhverfisáhyggjum, tækniframförum og breyttri neytendastefnu. Að lokum er líklegt að neytendur einblíni í meiri mæli frekar að sjálfbærni og ábyrgð í kaupum á vörum og þjónustu og að tæknin muni auka upplifunina við það að kaupa sér vörur.

8 Lokaorð

Til að sigrast á áskorunum samfélagsins á komandi tímum er mikilvægt að fræða almenning um kosti endurnotkunar og endursölu til að gera það eins auðvelt og mögulegt er að taka þátt í kaflaskilum samfélagsins um urðun og endurnýtingu. Efnisveitan selur notuð húsgögn og starfar á markaði sem býður upp á fjölmörg tækifæri sem og áskoranir. Takmarkað framboð í framtíðinni getur komið í veg fyrir vöxt fyrirtækisins. Eins og staðan er í dag hefur Efnisveitan einstakt vöruframboð og sjálfbærnisáherslu sem mun vonandi skila fyrirtækinu langt. Uppgangur viðskipta og góðra samstarfsaðila er beinagrindin í velgengni Efnisveitunar. Með tímanum gæti fyrirtækið náð góðum árangri ef því tekst að

horfast í augu við veikleika sína og bregðast rétt við breyttum markaðsaðstæðum. Neytendur setja sjálfbærni og hagkvæmni í auknum mæli í forgang og verður áhersla Efnisveitunar að svara þeirri þörf.

Niðurstaðan er sú að endurnotkun og endursala á notuðum hlutum er framkvæmd sem hefur marga kosti fyrir einstaklinga, fyrirtæki og umhverfið. Með því að draga úr úrgangi og mengun, varðveita auðlindir og spara almenningi aurinn getur endurnýting stuðlað að sjálfbærara og réttlátara samfélagi. Eins og kom fram í ritgerðinni varðandi sjálfbærni getur það vera einn mikilvægasti þátturinn þegar kemur að endurnýtingu í nútíma samfélagi. Sjálfbærnin mun vera uppistaða nýrrar kynslóðar sem tekur við landinu eins og við skiljum við það. Í langhlaupinu um sjálfbærni ætti að leggja minni áherslu á „Fast Furniture“ sem virðist vera ríkjandi kostur á markaði í nútímasamfélagi. Framtíðarframleiðsla á húsgögnum þarf að benda spjótunum sínum meira að vandaðari hlutum sem eru vel gerðir og hafa þann möguleika til umbóta í endurnýtingarferlinu til þess að skapa langvarandi verðmæti. Hins vegar eru einnig áskoranir og hindranir sem geta komið upp þegar reynt er að efla þessi vinnubrögð. Stórfyrirtæki vilja vitaskuld hafa reksturinn sinn sem arðbærastan og væri það samfélagslegur ávinningur ef vilji er til staðar til að umbreyta rekstrinum til hins betra fyrir umhverfið og samfélagið.

Þegar Markaðsumhverfi er tekið fyrir á Íslandi má sjá að sterk skuldbinding Íslands til sjálfbærni skapar umhverfi sem stuðlar að endurnotkun og endursölu, enn er þó langt í land. Eins og má sjá hefur Ísland komið fram með nokkurt frumkvæði í endurnýtingu og hefur fyrirtæki eins og Efnisveitan sprottið upp til þess að styðja við vöxt notaðra húsgagna. Innflutningur á nýjum húsgögnum og efnivið hefur leitt til aukinnar kolefnislosunar og notkunar á óendurnýjanlegum auðlindum. Innflutningur hefur bæði jákvæð og neikvæð efnahagsleg áhrif, til að mynda lægra verð til neytenda en meiri kolefnislosun og hugsanlegan atvinnumissi í innlendum iðnaði eins og kom fram hér fyrir ofan. Viðskiptahalli hefur upp á síðkastið aukist verulega vegna nokkurra óstöðugra hluta í samfélaginu eins og utanaðkomandi verðbólgu sem og gengisbreytingar. Með því að takast á við þessar áskoranir og auðvelda fólki og fyrirtækjum að taka þátt í endurnýtingu og endursölu getum við hjálpað til við að gera þessar aðferðir almennilegri og haft jákvæð áhrif á heiminn okkar í leiðinni.

Heimildaskrá

Einar Markús Einarsson. (2008). *Viðskiptajöfnuður. Eðli og orsakir*. [Bakkaláritgerð, Háskóli Íslands]. Skemman. <http://hdl.handle.net/1946/3370>

Endrit hoxha, Thomas Jusselme. (2017). *On the necessity of improving the environmental impacts of furniture and appliance in net-zero energy buildings*. Sciencedirect.com
<https://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S0048969717306216?via%3Dihub>

FIRA. (2011). *Benchmarking Carbon Footprints of furniture products*.
<http://www.healthyworkstations.com/resources/Environment/FIRA.CarbonFootprint.pdf>

Gylfi Zöega. (2016, 7. mars). Að hagnast á kostnað annarra. *Vísbinding*, Bls 4 til 5

Hans Bruyninckx. (2017, 8. Nóvember) *Hringrásarhagkerfi í Evrópu: Við höfum öll hlutverk*. European Environmental Agency. <https://www.eea.europa.eu/is/articles/hringrasarhagkerfi-i-evropu-vid-hofum>

Hallgerður Kolbrún E. Jónsdóttir. (2023, 13. febrúar). Mesta kjarabót heimilanna að losa við krónuna. *Vísir.is*. <https://www.visir.is/g/20232377281d/mesta-kjara-bot-heimilanna-ad-losna-vid-kronuna>

Heimsmarkmiðin. (2018). 7. *Sjálfbær orka*.
<https://www.heimsmarkmidin.is/forsida/hagnytt-efni/merki/?itemid=d50e3b2e-3f29-11e9-9436-005056bc530c>

Kotler, P. T., Keller, K. L., Goodman, M., Brady, M. og Hansen, T. (2016). *Marketing Management* (3. útgáfa). Pearson

Loftlagsmál (markmið um kolefnishlutleysi) nr.711. (2021).

<https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-efir-thingum/ferill/?ltg=151&mnr=711>

Mike O'Sullivan. (2023, 11. mars). *Will Ai take over the world*. Forbes.

<https://www.forbes.com/sites/mikeosullivan/2023/03/11/will-ai-take-over-the-world/?sh=3587bbd911df>

Whittington, R, Regnér, P. og Angwin, D og Johnson, G og Scholes, K. (2020). *Exploring Strategy twelfth edition*. Pearson.

World Bank Group. (2018). *WHAT A WASTE 2.0*.

<https://openknowledge.worldbank.org/server/api/core/bitstreams/df788c58-3c21-52a2-a224-1445f0a1850b/content>

Wow Web magazine. (2022, 17. maí). *The enviromental impact of office furniture*.

<https://wow-webmagazine.com/the-environmental-impact-of-office-furniture>

Zaniab Mahmood, (2022, 18 apríl), *Ultra FastFashion is taking over – and using every trick in the book to get us addicted*.

<https://www.theguardian.com/commentisfree/2022/apr/18/ultra-fast-fashion-retail-sites-shein>